

Upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR) á vefsíðu

Montanaro UK Income Fund

Samantekt

Nálgun sjóðsins í tengslum við sjálfbærni er sú að leitast við að stýra sjálfbærniáhættu auk þess að hafa umhverfis- og félagslega eiginleika að leiðarljósi við útilokun valkosta á siðferðilegum grundvelli, ásamt meginndlegu og eigindlegu mati og virkum samskiptum við þau fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í.

Þótt sjóðurinn hafi ekki markmið um sjálfbærar fjárfestingar stuðlar hann að umhverfis- og félagslegum eiginleikum gegnum greiningar sínar á og virkum samskiptum um umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti („UFS“). Að minnsta kosti 90% fjárfestinga sjóðsins (miðað við innra virði) samræmast viðkomandi umhverfis- og félagslegum viðmiðum.

Sjóðurinn mun fylgjast með og veita upplýsingar um helstu neikvæð sjálfbærniáhrif (e. Principal Adverse Impacts eða „PAIs“) og mælikvarða umhverfis- eða félagslegra þátta.

Félög sem sjóðurinn fjárfestir í munu þurfa að uppfylla þær kröfur sem tilgreindar eru í sérstökum UFS-gátlista fjárfestingastjórans („gátlistinn“) á viðvarandi grundvelli. Þessar greiningar eru studdar gögnum frá Impact Cubed, MSCI og Factiva.

Virk samskipti (e. engagement) eru mikilvæg í fjárfestingarnálgun okkar. Fjárfestingastjórnin á í virkum samskiptum við fyrirtæki til að stuðla að því að þau taki upp sjálfbærar rekstrarvenjur.

Sjóðurinn hefur ekki sérstakt viðmið til að fylgjast með því hvort hann nær tilteknum umhverfis- og sjálfbærnimarkmiðum.